

Hverfisráð Miðborgar

Ár 2017, fimmtudaginn 23. nóvember, var haldinn 142. fundur hverfisráðs Miðborgar. Fundurinn var haldinn á Laugavegi 77 og hófst kl. 11.35. Viðstödd voru: Svafar Helgason (P) sem stýrði fundi, Sindri Snær Einarsson (S), Áslaug Friðriksdóttir (D) og Gréta Björg Egilsdóttir áheyrnarfulltrúi (FogF). Einnig sátu fundinn Sigprúður Erla Arnardóttir og Hörður Heiðar Guðbjörnsson sem jafnframt ritaði fundargerðina.

Þetta gerðist

1. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 31. október 2017, varðandi Alþingisreit.
2. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 31. október 2017, varðandi Frakkastíg, Skúlagötu.
3. Lagt fram bréf frá skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 1. nóvember 2017, varðandi stofnun hverfissjóðs og samráð við hverfisráð.

Hverfisráð Miðborgar leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð miðborgar tekur vel í hugmyndir um stofnun hverfissjóðs. Ráðið vill þó benda á að þrátt fyrir að stofnaður hafi verið sérstakur miðborgarsjóður þá er áhersla þess sjóðs ekki beint á stuðning við verkefni sem beinast að íbúum hverfisins og málefnum þeirra en hefur mun víðtækara hlutverk. Mikilvægt er að íbúar og verkefni sem tengjast beinlínis málefnum þeirra tynist ekki og að þeim sé gert jafnhátt undir höfði og íbúum annarra hverfa.

4. Lagt fram bréf skrifstofu borgarsjóra og borgarritara, dags. 13. nóvember 2017, varðandi umsagnarbeiðni um tillögu um breytta skipun í hverfisráð. Frestað.
5. Fram fer umræða um styrki hverfisráðs Miðborgar. Samþykkt að auglýsa fjárstyrk á vegum hverfisráðs að upphæð 180.000 kr.

Fundi slitið kl. 12.40

Svafar Helgason

Sindri Snær Einarsson

Áslaug María Friðriksdóttir